**Ef skólinn á ekki Íslykil þurfið þið að sækja um hann.**

Íslykill lögaðila er fenginn með sama hætti og íslykill einstaklings.
Hér eru leiðbeiningar um hvernig maður fær íslykil og hnappur til að panta hann.

https://www.island.is/islykill/um-islykil/

**Leiðbeiningar vegna umsókna til undanþágunefndar fara hér á eftir:**

Til þess að geta fyllt út umsókn þurfa skólastjórar að hafa umboð frá skólanum.

Hér eru skrefin sem þarf að fara:

1. Fara á https://www.island.is/
2. Skrá sig inn á „Mínar síður“ með **íslykli** skólans. Þá kemur upp pósthólfssíðan fyrir skólann.
3. Fara í „Stillingar“ uppi í hægra horni. Neðarlega á síðunni er þessi hlekkur:




4. Fara í Veita umboð /breyta umboðum. Þá ferðu inn á síðu umboðskerfisins og ættir að sjá lista með umboðum sem skólinn hefur veitt. Listinn gæti verið tómur
5. Fara fyrir neðan listann, þá sérðu:




6. Hér slærðu inn ÞÍNA kennitölu og ýtir á „tab“. Nafnið þitt ætti þá að koma sjálfkrafa.
7. Þú velur þjónustuveitanda: „Leyfisveitingagátt Þjóðskrá Íslands – umsokn.island.is“
   Velur Umboðshlutverk „Umsækjandi“




8. Velur gildistíma umboðs (fínt er að setja bara 1 ár núna)
9. Ýtir á hnappinn „Bæta við umboði“. **Ath að þetta getur tekið smástund og alls ekki halda áfram fyrr en kennitalan og nafnið er farið út.**
10. Ferð síðan á vefinn Island.is og fyllir út umsókn: https://leyfisvefur.island.is/is/forsida/leyfi/?ProductName=Undanthagunefnd-grunnskola-2

**Afgreiðslu umsókna má sjá í pósthólfi ykkar á Island.is, sjá hér að neðan.** Ef umsókn er ítruð þá þýðir það að einhverju er ábótavant. Skilaboð þess efnis eru í athugasemdum og þær birtast í pósthólfinu. Í flestum tilfellum vantar menntunargögn og þið farið inn í umsóknina undir MÍN LEYFI LEYFI Í UMBOÐI ANNARRA, sjá hér að ofan og setjið inn umbeðnar upplýsingar og sendið aftur.

